

## **Umsögn íbúaráðs Vesturbæjar dags. 21. apríl 2021 um tillögu um nýtt skólahverfi í Skerjafirði:**

Íbúaráði Vesturbæjar barst bréf og greinargerð frá Reykjavíkurborg um áætlanir um nýtt skólahverfi í Skerjafirði, dags. 10. mars 2021. Íbúaráð áframsendi gögnin til foreldrafélaga og skólastjórnenda í Vesturbæ með beiðni um athugasemdir. Svör bárust frá skólaráðum Hagaskóla og Melaskóla og frá Foreldrafélagi Hagaskóla, fremst umsagnir sem þegar hafa verið sendar til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Þessir aðilar líta jákvæðum augum á nýtt skólahverfi í Skerjafirði.

Hins vegar lýsa aðilar miklum áhyggjum af því að um nokkuð langt skeið hefur Reykjavíkurborg kynnt áætlanir um brýnar úrbætur á húsnaði skólanna tveggja, sem alltaf hefur seinkað, og aðilar óttast að verði ekkert úr þessum löngu tímabæru úrbótum sem áætlaðar voru löngu áður en hugmyndir um nýtt skólahverfi í Skerjafirði komu fram. Og óttast að samtímis verði sami seinangangur á nýjum áætlunum um úrbætur í Hagaskóla vegna móttöku 95 nýrra nemenda úr Skerjafirði þegar að því kemur.

Íbúaráð Vesturbæjar hvetur því Reykjavíkurborg til að standa við fyrri áætlanir um löngu tímabærar úrbætur á húsnaði Melaskóla og Hagaskóla, ítarlegar tillögur um þetta hafa legið fyrir um langt skeið. Samtímis verði að tryggja að þegar taka á móti 95 nýjum nemendum úr Skerjafirði eftir um fjögur ár, þá verði framkvæmdum við nýja viðbyggingu vegna þessarar fjölgunar örugglega lokið, en reynsla vegna mikillar seinkunar slíkra áætlana er mjög slæm. Nokkuð nákvæmar áætlanir um úrbætur í báðum skólum hafa lengi legið fyrir og hvetur Íbúaráð til þess að framkvæmdir hefjist sem allra fyrst.

Einnig ber að nefna að aukinn fjöldi barna og unglinga á Skerjafjarðarsvæðinu kallar á aukna aðsókn barna í íþróttaiðkun og félagsstarf í Vesturbæ og full ástæða er til að hugað verði að stuðningi og samráði við íþróttafélög og félagsmiðstöðvar í Vesturbæ vegna þessa. Jafnframt verði hugað að auknum almenningssamgöngum (eins og nefnt er í greinargerð Reykjavíkurborgar) en þó sérstaklega að öðrum samgöngumáta barna og unglinga, þá helst reiðhjóla eða rafhjóla, frá Skerjafirði, meðfram Ægissíðu, í átt að skólum, íþróttaaðstöðu og félagsheimilum í Vesturbæ.